



20. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Þjónustumiðstöð UMFÍ 8. september 2017 kl. 15:00.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

1. Fundur settur kl.15:00.

2. Kynning – Íslensk Getspá og Getraunir (ÍG), Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍG, sagði frá rekstri ÍG og framtíðarhorfum.

3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.

- a. Unglingalandsmótið hefur verið mál málanna síðustu mánuði, bæði undirbúningur og frágangur mótsins. Skráningarkerfi Nóra hefur gefist vel, nokkrar ábendingar hafa borist um eitthvað sem má betrumbæta.

4. Fundargerð framkvæmdastjórnar nr. 15 – fundargerðin samþykkt.

5. Fjármál, undirritun ársreiknings, staða VBS, áætlun 2018.

- a. Endurskoðendur frá BDO fóru yfir endurskoðendaskýrslu vegna ársreiknings UMFÍ 2016.
- b. Ársreikningur UMFÍ 2016 samþykktur og undirritaður af stjórn.
- c. Fjárhagsáætlun fyrir 2018 er í vinnslu.
- d. Yfirlit fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2017 lagt fram.

GG og ÞÖT viku af fundi kl. 17:20, SÓJ tekur sæti aðalmanns.

6. EUF, viðskilnaður og móttaka á nýjum stað. Skrifstofa og starfsemi EUF fluttist frá UMFÍ þann 1. júlí sl. framkvæmdastjóra falið að ganga frá starfslokum starfsmanna.

7. Samningur á milli UMFÍ, UMSS og sveitarfélagsins Skagafjarðar. Farið var yfir samning á milli þessara þriggja aðila. Samþykkt reglugerð um Landsmót UMFÍ 2018.

GG mætir aftur á fund kl. 17:55.

8. Sambandsþing, undirbúningur og tillögur.

- a. **Framkvæmdastjóri** kynnti fjölda þingfulltrúa skv. Felix.
- b. **Lagabreytingar.**
- c. **Tillögur:** farið yfir tillögur sem stjórn leggur fram fyrir 50. Sambandsþing UMFÍ 2017.

HeJ yfirgefur fund kl. 20.30, SÓJ tekur sæti aðalmanns.

- d. **Framboð til stjórnar:** Framboð sitjandi stjórnarmanna rædd. Minnt er á að framboðsfrestur er til 4. október 2017.

9. Bréf sem borist hafa.

- a. **Vesturhlíð, Prastaskógur:** Bréf hefur borist frá stjórn Umf. Vesturhlíðar sem hefur áhyggjur af umhirðu Prastaskógar. Stjórn þakkar ábendingarnar. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.

10. Önnur mál.

- a. **NSU:** GG sagði frá því að það sé komið að UMFÍ að halda viðburð fyrir NSU á Íslandi 2018. Stjórn samþykkir að taka þátt og einnig að auglýsa og taka þátt í verkefni sem heitir Life on the limit á vegum NSU.
- b. **Felix:** GG fór yfir fundargerð stýrihóps Felix frá 29.08. '17.
- c. **Viðurkenningar:** RH kom á framfæri athugasemdum frá ungmennafélaga um viðurkenningar frá UMFÍ til þeirra sambandsaðila sem haldið hafa landsmót. Framkvæmdastjórn falið að skoða málið og koma með tillögur að úrbótum.
- d. **Ungmennaráð:** RH sagði frá því að ungmennaráð hefði áhuga á að taka meiri þátt í starfi UMFÍ. Stjórn UMFÍ þakkar ábendingar um að leita oftari álits ungmennaráðs.
- e. **Fulltrúar á ráðstefnu Sýnum karakter – allir með!** Stjórn hvött til að mæta.
- f. **Laganefnd:** HeJ hefur sagt sig úr laganefnd. HrJ og GG skipuð í nefndina. RH tekur við formennsku í nefndinni.

**HrJ ritaði fundargerð.
Fundí slitið kl. 00:13.**